

21. Stjórnarfundur Bergrisans

12. október 2020

Fjarfundur hófst klukkan 14:00 á Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Ragnheiður Hergeirsdóttir frá velferðarsviði Árneshöfna, Svava Davíðsdóttir frá Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá fjölskyldusviði Árborgar. Steinunn Kolbeinsdóttir lögmaður var gestur fundarins í fyrstu þremur liðanna. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Staða dómsmáls vegna Kerlingardals

Stefna gegn Bergrisanum var þingfest 6. maí vegna tapreksturs sambýlisins í Kerlingardal 2017-2019. Ný gögn um uppgjör íbúasjóðs voru send inn vegna málsins í lok september. Dagsetning á aðalmeðferð málsins liggur ekki fyrir. Fyrirtaka verður í lok október þar sem gefst tækifæri til að leggja fram frekari gögn ef þörf er á.

2. Kynning á álitserð vegna NPA samninga

Steinunn Kolbeinsdóttir lögmaður hefur unnið álitserð fyrir Bergrisann bs vegna kjarasamningshækkunarbeiðni frá NPA miðstöðinni. NPA miðstöðin fer fram á að sveitarfélögin greiði samkvæmt kjarasamningi sem miðstöðin hefur gert við Eflingu og starfsgreinasambandið. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að greiðslur eigi að taka breytingum miðað við launavísitölu. Í 16. gr. reglugerðar um NPA nr. 1250/2018 er vísað í að greiða skuli samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni. Ef túlkunin er að NPA miðstöðin sjái um kjaraviðræður við stéttarfélag er um leið verið að semja um fjárútlát sveitarfélaganna án þeirra aðkomu. Mikilvægt að fá niðurstöðu í túlkun á þessu ákvæði. Steinunni falið að senda upplýsingar um stöðu mála á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Staða samningsviðræðna við Skaftholt

Samningaviðræður standa yfir við forsvarsmenn Skaftholts um þjónustusamninginn. Stefnt á að ljúka samningnum á næstu vikum. Samningsmarkmið stjórnar Bergrisans bs. liggja til grundvallar viðræðunum.

4. Fundargerð þjónusturáðs kynnt

Ragnheiður Hergeirsdóttir fer yfir fundargerðir þjónusturáðs frá 22. september og 8. október 2020.

5. Næstu skref varðandi uppbyggingu búsetuúrræðis

Stjórn Bergrisans samþykkir fyrirbyggjandi viljayfirlýsingu ÁSS og Bergrisans bs. um samstarf um uppbyggingu búsetuúrræðis á Selfossi. Formanni falið að undirrita viljayfirlýsinguna.

6. Aðalfundur Bergrisans

Aðalfundur Bergrisans bs verður haldinn í fjarfundi 9. nóvember nk. frá kl. 13-16. Taka þarf m.a. fyrir breytingar á þjónustusamningi við Árborg og samþykktum Bergrisans bs. á þeim fundi.

7. Uppbygging starfsemi að Selvogsbraut 1

Verkefnisstjóri fer yfir áætlun varðandi uppbyggingu starfseminnar og fjölda stöðugilda og tillögu að utanaðkomandi þarfagreiningu, úttekt á starfseminni og mannauðsmálum. Stjórn Bergrisans samþykkir að fengin verði ráðgjafi til að greina starfsemi Selvogsbrautar og leggja fram tillögur að breytingum, ásamt því að innleiða breytingar í samvinnu við Velferðarþjónustu Árnesþings og forstöðumanns Selvogsbrautar 1.

Fundi slitið kl. 16:00